



## **Reglur um ferðastuðning við námsmenn sem stunda nám utan Sveitarfélagsins Ölfuss**

Námsmenn sem stunda nám á framhalds- og háskólastigi utan sveitarfélagsins og eru með lögheimili í Sveitarfélaginu Ölfusi geta sótt um ferðastyrk vegna ferða til og frá skóla.

Um er að ræða tvenns konar styrki:

Til nemenda sem eiga rétt á styrk vegna skólaaksturs skv. reglugerð um námsstyrki nr. 692/2003 með síðari breytingum, kr. 9.340 pr. mánuð.

Til nemenda sem ekki eiga rétt á styrk samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna en stunda nám á framhaldsskóla- og háskólastigi kr. 17.480. pr. mánuð.

Nemendur sem njóta húsaleigubóta vegna leiguhúsnæðis utan sveitarfélagsins eiga ekki rétt á ferðastyrk skv. reglum þessum.

Námsmenn sækja um ferðastyrk á heimasíðu Sveitarfélagsins Ölfuss.

Styrkurinn er greiddur út í lok annar og skal fylgja staðfesting frá viðkomandi skóla um skólasókn. Styrkupp hæðin miðast við vísitölu í júlí 2022 sem er 553,5 stig og hækkar milli ára sem nemur hækkunum á vísitölu neysluverðs sé ekki annað ákveðið.

Reglur þessar gilda ekki um nemendur sem stunda nám í Fjölbrautaskóla Suðurlands eða öðrum skólum á Suðurlandi.

Skilyrði fyrir styrkveitingu er að um sé að ræða staðnám, styrkur greiðist ekki vegna fjarnáms.

Samþykkt í bæjarráði Ölfuss 18. ágúst 2022